

47

21. jan.

Tekjur sjóðsins séu, auk vaxtatekna, frjáls framlög einstakra manna svo og væntanleg framlög fyrirtækja og stofnana.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í ríkistrygðum verðbréfum eða í sparisjóði, sem hefur ríkisábyrgð.

6. gr.

Eigi má veita fé úr sjóðnum fyrr en höfuðstóll hans er orðinn 100 þúsund krónur og aldrei þó meiru fé en árlegum vöxtum nemur.

7. gr.

Verði væntanleg ekknatrygging ríkisins svo rifleg, að þessa styrks sé eigi þörf til ekkna, að dómi sjóðstjórnar, sé styrk hans varið til kristindómsfræðslu og viðreisnar föllnum konum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins hefur reikningshald hans og heldur gerðabók og skulu í hana færðar ákvarðanir um styrkveitingar og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B.-deild Stjórnartíðinda. Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að öll stjórnin sé ásátt um breytinguna, enda komi sú breyting í engu í bága við aðaltilgang sjóðsins.

48

23. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 67 1932, um breyting á reglugerð frá 25. okt. 1929, um bifreiðatryggingar.

1. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist þannig:

Bifreiðaeigendur eru skyldir til þess að tryggja bifreiðar sínar fyrir eitt ár í senn frá 1. maí til 30. apríl næsta ár, og greiðist iðgjaldið fyrir fram fyrir allt árið. Ef ný bifreið er tryggð á árinu, skal hún tryggð til næst komandi 30. apríl, þannig að tryggingartími allra bifreiða miðist við tímabilið 1. maí til 30. apríl næsta ár.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hinn 1. maí 1944 fellur í gjalddaga iðgjald af bifreiðatryggingum fyrir tímabilið 1. júlí 1944 til 30. apríl 1945.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. febrúar 1944.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.